

Nd.

### 154. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til námulaga (þskj. 20).

Nefnd sú, sem kosin var til þess að ihuga frumvarp þetta, hefir rætt það á mörgum fundum, og er það álit nefndarinnar, að fylsta þörf sé á að breyta námulögunum frá 22. nóv. 1907 og bæta við þau, með því þau hafa reynst óljós, ýms ákvæði í þeim, sem ekki geta samrýmst hvert öðru, og um önnur atriði vanta í þau ákvæði, sem miklu geta varðað þegar um það er að ræða, hvort ráðlegt sé fyrir menn að leggja fé sitt í málmeit eða námurekstur.

Nefndin er sömuleiðis einhuga á því að rétt sé að hvetja menn til að leita að námum, með því að bæði gætu námur gefið af sér talsverðar tekjur í landssjóð, og í annan stað mundu þær auka atvinnu í landinu. Þess ber og að gæta, að námur má reka jafnt vetur og sumar, og gætu þá menn, sem nú sitja auðum höndum allan veturinn fengið þar vetraratvinnu. En það telur nefndin afar-mikilvægt landsmönnum, sem hvorki geta notið ársatvinnu við siglingar né iðnað, svo teljandi sé. Nefndin felst á að halda þeirri meginstefnu frumvarpsins og nügildandi laga, að láta námulögin að eins ná til landssjóðsjarða og lénskirkjujarða, og felst einnig á, auk annara breytinga, að fella burtu 3 kafla nügildandi námulaga »Um námueiganda hlut og réttindi námurekanda og land eiganda hvors gagnvart öðrum«, með því að ekki getur verið æskilegt eða ráðlegt fyrir landssjóð að taka  $\frac{1}{6}$  þátt í rekstri í námum, sem efasamt er hvort nokkurn tíma svara kostnaði. Slik samvinna mundi draga úr mönnum að leita að námum í almanna jarðeignum og leggja fram fé til þess.

Nefndin hefir því fallist á þá tillögu flutningsmanna frumvarpsins, að leggja heldur á hverja námu dálítið árlegt gjald til landssjóðs; tryggir það landssjóði áhættulausan arð af námunum og styður auk þess að því, að menn haldi ekki námunum að nauðsynjalausu, án þess að reka þær.

Það á líka alt af að vera innan handar fyrir alþingi að leggja skatt á

námurekstur, ef hann fer að borga sig vel, og er ástæðan því minni til að leggja nokkur höft á að leitað sé að málmum.

Netndinni barst bréf frá formanni Námufélags Íslands, hr. bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, þar sem félagið fer fram á, að námuteigar verði gerðir færri og stærri, og að útmælingin öll verði ákveðin eins og í námulögum Bandaríkjanna.

Ennfremur fer félag þetta fram á, að kaflinn í nágildandi lögum »Um fresti« verði felður burtu, en í þess stað sett eitthvert ákveðið árgjald á námuna, eins og gert er í námulögum Bandaríkjanna, til þess að fyrirbyggja það, að menn haldi námunum um skör fram, án þess að reka þær.

Nefndin hefir að mestu leyti fallist á bæði þessi atriði, og það af þeim ástæðum, að því er fyrra atriðið snertir, að ekki er líklegt, að námusvæði megi vera minni í þessu afskekta og peningalausum landi en t. d. í Bandaríkjunum, ef námufundur á að geta komið að nokkrum verulegum notum, því gæta verður þess, að áhöld, sem við námur eru notuð, eru oft afar-dýr, einkum við gullgröft, og hlýtur því námusvæðið að vera stórt til þess, að menn geti lagt út í námureksturinn, einkum þar sem fé til þess verður að sækja til annara landa. Að því er til hins atriðisins kemur, sýnist nefndinni það óhugsandi, að nokkur maður vilji leggja stórfé í námugróft, ef hann á leyfi um fresti eingöngu undir lög-reglustjóra, svo sem ákveðið er í nágildandi lögum, því að lögreglustjóri getur eðlilega litið eða ekkert skyn borið á, hvort réttmætar ástæður eru færðar fyrir beiðninni um frest samkvæmt þessum lögum. Alt öðru máli væri að gegna, að halda þessum lagaákvæðum, ef landið hefir ráðinn fullkominn námuverkfræðing, sem fær væri um að skera úr hvenær ástæða væri til að veita frest eða ekki að veita hann, og landsstjórnin gæti yfirleitt haft sér til ráðaneytis, ef námurekstur kemst hér á fót.

Auk þess ber á það að lita yfir höfuð, að því strangari skilyrði, sem sett eru fyrir afnotum námu, eftir því verða innlendir menn, sem flestir eru fátækir, og bankar, ófúsari á að leggja fé sitt fram í námurekstur. Afleiðingin verður þá sú, að námurnar lenda tafarlaust, og fyrir litið verð, í höndum útlendinga, en það virðist nefndinni ekki æskilegt.

Nefndin hefir þó viljað setja einhver takmörk fyrir því, hve lengi námu-hafi geti haldið námuréttinum, ef hann byrjar ekki námurekstur innaan hæfilegs tíma, eða námurekstur legst algert niður um lengri tíma, og er ákvæði um þetta sett inn í 18. gr.

Fyrir öðrum atriðum, sem nefndin leggur til að breyta, mun verða grein þegar málið kemur til umræða í deildinni.

Nefndin leggur svo til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum.

#### Breytingartillögur.

Við 1. gr. Fyrir orðin »i landeignum landssjóðs og« komi: í jörðu eða landi, sem er óskift eign landssjóðs eða.

— 1. — Fyrir orðið »kirkjujarðir« komi: lénskirkjujarðir.

— 2. — 5. málslíð. Fyrir orðin »á Íslandi« komi: íerlendis.

— 3. — Fyrir orðin »málmgröftur« í báðum málslíðum greinarinnar komi: málmleit.

- Við 6. gr. 1. málslíð. Fyrir »málmtegundina, fundarstaðinn« komi: fundarstaðinn, málmtegundina.
- 6. — 1. málslíð. Fyrir orðin »í námubókina« til enda málslíðsins komi: hitt eintakið orðrætt með athugasemdum sínum í námubréfabókina.
- 8. — 1. málslíð. Fyrir töluna »7« komi: 6.
- 8. — 3. málslíð. Fyrir: »er öllum heimilt að notfæra sér málmfundinn« komi: er hverjum heimilt að hagnýta sér málmfundinn, sem finnandi væri.
- 8. — 4. málslíð. Fyrir orðið »tilkynt« komi: tilgreint.
- 8. — síðasta málslíð. Fyrir »innfært« komi: innfæra.
- 8. — síðasta málslíð. Fyrir »námubréfabókina« komi: námubréfabók.
- 9. — Á eftir orðunum »öðru úrkasti úr« komi orðið: námum.
- 9. — Fyrir orðin »sækja um«, í síðustu heilli línu, komi: fá.

10. gr. orðist svo:

Fyrir málmgrafterbréf skal greiða 25 kr. í landssjóð. Fáí sá, er er málmgrafterbréf hefir fengið, fleiri útmælingar en eina á því svæði, greiði hann aðeins leigugjaldið til landssjóðs samkvæmt 17. gr. fyrir hvern námuteig.

- Við 11. gr. 3. málslíð. Fyrir töluna »15« komi: 2.
- — — Fyrir orðin »fimm námuteiga« komi: 1. námuteig.
- — — »Hlutafélög« til enda greinarinnar falli burt.
- 12. — Aftan við greinina bætist: Útmælingarbeiðandi lætur lögreglustjóra í té nauðsynleg áhöld og aðstoð.
- 13. — Fyrir orðin í upphafi greinarinnar »Útmæling námusvæðis« komi: Námuteigur.
- — — Fyrir »10,000« komi: 100,000.
- — — Fyrir »námuteiganna« komi: námuteigsins.
- — — Orðin: »þó svo — segir« falli burt.
- — — Fyrir »Takmörk útmælingarinnar skal« komi: Takmörk útmælinga skulu.
- 14. — Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »námurekanda eða 3. gr.« komi: eftir lögum þessum.
- 15. — Aftan við greinina bætist: Ef óviðráðanlegar tálmanir hindra ekki.
- 16. — Á eftir orðunum: »svo skal lögreglustjóri og tilkynna« komi: það.
- — — Fyrir orðin »á Íslandi« komi: héraendis.
- 17. — 1. málslíð: Fyrir 10,000 komi 100,000.
- — — 1. — Fyrir 4 krónur komi 40 krónur.
- — — 2. — Fyrir 5 krónur komi 50 krónur.
- — — 2. — Fyrir 1 krónu komi 10 krónur.
- 18. — Aftan við 1. málslíð bætist: Eftir þann tíma missir námuhafí rétt sinn nema hann vinni árlega í námunni fyrir að minsta kosti 150 krónur til rannsóknar henni, eða greiði árlega 100 krónur í landssjóð auk gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 2. málslíð 17. gr.

Nú er ekki byrjað á reglulegum námurekstri 8 árum eftir að að námurekstur skyldi byrja, eða að námurekstur leggst niður 8 ár samfleytt eftir að reglulegur námurekstur var byrjaður og hefir námu, hafi þá að fullu fyrirgert námurétti sínum,

19. gr. orðist svo:

Nú ganga menn í félag, er útmælingar hafa fengið, og er þá eigi skylt fyrir námugraftarins sakir, að hafa nema einn námubrunn á félagssvæðinu.

4. kafli um fresti, falli burt.

5. kafli verður 4. kafli.

27. gr. verður 20. gr.

Við 28. gr., sem verður 21. gr., 1. málslíð Á eftir orðunum: »að neinu leyti rýra vatnsból« komi: né áveituvatn.

— — — 3. málslíð. Liðurinn orðist þannig:

Nú er skortur á vatni á námustaðnum eða í nánd við hann, og á sá, er fyrstur tilkynnti málmfund forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

— 29. — sem verður 22. gr. Fyrir orðið »léttá« komi: greiða.

Framan við 6. kafa sem verður 5. kafli bætast tvær nýjar greinar svohljóðandi:

23. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum; þó nær þetta ekki til þess, er fyrst hefir tilkynnt málmfund á þessu svæði.

24. gr.

Reksturs frestur sá, sem um getur í síðasta málslíð 18. greinar fellur burt, ef náma veldur vatnsrenslí í nágranna námur, nema námurekandi sá, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, láti það óátalið eða úr sé bætt. Ákvæði þessi gilda þó ekki fyrir þann, sem fyrstur tilkynnti málmfund á þeim stað.

Við 30. gr. sem verður 25. gr. Aftan við greinina bætist: nema þyngri hegning liggí við eftir öðrum lögum.

31. gr. verður 26. gr.

7. kafli verður 6. kafli.

Við 32. gr., sem verður 27. gr. Fyrir töluna »11« komi: 12.

33. gr. verður 28. gr.

Við 34. gr., sem verður 29. gr. Aftan við fyrri málslíð bætist: En loka skal hann námunni tryggilega, svo menn eða alidýr geti ekki farið sér að voða.

8. kafli verður 7. káfli.

Við 35. gr., sem verður 30. gr. Fyrir orðiu »eigi um annað ásáttir« komi: eigi á annað sáttir.

— — — Fyrir »jarðarábúanda« komi: jarðeiganda, og bæti hann ábúanda halla þann, er hann kann að verða fyrir.

36. gr. verður 31. gr.

37. gr. verður 32. gr.

Við 38. gr. sem verður 33. gr. Fyrir töluna »30« komi: 25.  
39. gr. verður 34. gr.

Alþingi 9. marz 1909.

Jóh. Jóhannesson  
formaður.

Björn Kristjánsson.  
skrifari og framsögumaður

Sigurður Gunnarsson.

Benedikt Sveinsson.

Jón Ólafsson.